

**76. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
21. febrúar 2018 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1801323 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Skráð í trúnaðarbók.

2. 1802313 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Skráð í trúnaðarbók.

3. 1705191 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Skráð í trúnaðarbók.

4. 1612050 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning

Breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning á Akranesi voru samþykktar í bæjarstjórn 23. janúar 2018. Breytingarnar voru í samræmi við leiðbeinandi reglur

velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög. Breyting var gerð á reglugerð um húsnæðisbætur, nr. 1200/2016 með síðari breytingum, þar sem grunnfjárhæð við útreikning húsnæðisbóta og frítekjumörk voru hækkuð. Lagt er til að 5. grein reglna um sérstakan húsnæðisstuðning Akraneskaupstaðar verði felld á brott. Samkvæmt reglum um sérstakan húsnæðisstuðning Akraneskaupstaðar er skilyrði fyrir því að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning verði samþykkt er að viðkomandi umsækjandi eigi rétt til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016.

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir því að lögð verði fram drög að breytingum á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.

5. 1802322 - Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2018

Velferðarráðuneytið forgangsraðar aðgerðum og fjármagni til framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks árið 2018. Alls renna 61 millj. til áætlunarinnar skv. fjárlögum í ár, þar af er búið að ráðstafa 43 millj. til ákveðinna verkefna skv. þingsályktuninni en 18 millj. eru ekki eyrnamerkta ákveðnum verkefnum. Þjónustusvæði og sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki við

eftirfylgni og innleiðingu framkvæmdaáætlunarinnar en mikilvægt er að unnið sé að því í góðri samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Velferðarráðuneytið hefur haft samband við þá aðila utan velferðarráðuneytisins sem tilgreindir eru með ábyrgð á verkefnum þ.m.t. sveitarfélög og kanna hvornig þeir sjá fyrir sér að þeim verkefnum verði fylgt eftir á þessu ári. Einnig er verið að kanna hvort sveitarfélög óska eftir framlagi af því fjármagni sem er til ráðstöfunar umfram það sem tilgreint er í framkvæmdaáætluninni, ef við á, og hvornig það muni nýtast í að styðja við markmið tiltekinna aðgerðar og stefnunnar í heild. er litið svo á að ekki sé óskað eftir fjármagni af safnið framkvæmdaáætlunarinnar hjá velferðarráðuneytinu, til að styðja við framkvæmd verkefnisins/verkefnanna á þessu ári, umfram það sem tilgreint er í þingsályktuninni.

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðstjóra að vinna að frekari úrvinnslu málsins.

6. 1802188 - Vinnumálastofnun - samstarfssamningur 2018

Vinnumálastofnun og Akraneskaupstaður - Endurhæfingarhúsið Hver undirrituðu samstarfssamning fyrir árið 2018. Með samningnum kaupir Vinnumálastofnun þjónustu á sviði starfsendurhæfingar fyrir fólk með skerta starfsgetu og fötlun. Markmiði er að veita þeim sem Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, heilbrigðisstofnanir eða aðrir viðurkenndir aðilar svo sem velferðarþjónustur sveitarfélaga vísa til Hver, aðstoð með sértækum endurhæfingaraðgerðum og gefa þeim tækifæri á að komast aftur út á vinnumarkaðinn eða skipta um starfsvettvang til dæmis að undangengnu frekara námi.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Vilborg P. Guðbjartsd.
Flóra Þórz Þorgilsdóttir
Guðmundur B.
Einar Brandsson
Swinsborg Krösfjörð
Hreina Rún Áka dóttir.